

RARIK hf  
Bíldshöfða 9  
110 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2019  
UST201909-298/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Álftaversgígar**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn RARIK hf, dagsett 25. september 2019, um uppsetningu spennistöðvar við Álftaversgíga.

Álftaversgígar eru friðlýstir sbr. auglýsingu nr. 105/1975. Bannað er að raska jarðmyndunum á svæðinu með efnistöku eða öðru. Óheimilt er að spilla útliti gíganna eða breyta svipmóti þeirra á annan hátt. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til undanþágu frá reglum þessum.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir að setja niður rofa- og spennistöð ca 2,5x4,5m og 2,8m hæð yfir jörðu. Áformað er að stöðin verði staðsett við gamla þjóðveginn sem liggur frá Skálmarrbrú í átt að Hafursey, í um 1,6 km fjarlægð frá hringvegi. Áætlað er að verkið taki um 1-2 vikur. Starfsmenn sem koma að verkefninu verða 4-5 en engin mannvirki þarf að setja niður önnur en spennistöðina sjálfa. Sökkull kemur forsteyptur og verður settur niður í hoíu ca 5x7m, 1m djúpa. Spennistöðvarhús kemur tilbúið að verður híft á sökkul. Vélknúin tæki á staðnum verða grafa, flutningabíll og flutningavagn með krana. Aðkomuslóði af gamla þjóðveginum verður eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti. Áætlað er að verklok verði fyrir lok árs 2019.

#### **Áhrifamat:**

Framkvæmdin hefur neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins, sem og verndargildi þess. Framkvæmdinni fylgir óafturkræft rask á landi innan náttúruvættisins en þó í jaðri hins gamla þjóðvegar.

Nálægð fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við næstu þyrpingu gervigíga er um 150 metrar. Hæð spennistöðvarinnar er 2,8 m, svo hún er hærri en sumir af þeim gígum sem finnast í nágreninu. Er því ljóst að stöðin mun setja sterkan svip á ásynd svæðisins, enda er engin önnur mannvirki að finna í nágreninu, fyrir utan rafmagnslínur, á stóru svæði.

Gervigígar eru jarðminjar sem eru sjaldgæfar á heimsvísu. Njóta þeir sérstakrar verndunar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga (lög 60/2013), í samræmi við markmið 3. grein sömu laga um verndun jarðmyndana sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu, auk varðveitingu landslags sem er sérstætt eða fágætt.

Í samtali við RARIK kom fram að ætlunin er að leggja háspennustreng í jörðu niður í byggðina í Álftaveri, í kanti gamla þjóðvegarsins, eftir að spennustöðin er komin upp. Línan sem liggur í dag í gegnum Álftaversgíga niður í Álftaver verður fjarlægð í kjölfarið. Teikningar gera ráð fyrir að langhlið stöðvarinnar snúi að þjóðveginum en í samtali kom fram að hægt sé að snúa byggingunni.

Spennustöðin hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, enda 2,8 m að hæð. Fjarlægð frá umferð um svæðið er hinsvegar töluverð (1,5 km) sem dregur úr áhrifum á gesti svæðisins. Einnig mun RARIK snúa stöðinni þannig að gafl hússins snúi að núverandi þjóðvegi, sem enn dregur úr neikvæðum áhrifum á ásýnd. Núverandi rafmagnslína, sem sker í gegnum hið friðlýsta svæði, verður síðar fjarlægð sem vegur verulega upp á móti áhrifum spennustöðvarinnar á ásýnd þess.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir RARIK fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á spennistöð innan sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Lágmarka skal allt rask á jörðu og takmarka það við framkvæmdasvæðið við gamla þjóðvegin. Spennustöð skal snúið þannig að gafl hennar snúi að núverandi þjóðvegi, svo að áhrif á ásýnd svæðis séu sem minnst. Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við notkun vélknúinna ökutækja við framkvæmdina að hún fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- **Óheimilt er að hrófla við gervígum.**
- Allur akstur utan vega er bannaður, annar en sá sem fer fram innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir á friðlýstum svæðum er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunn gjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði sé 3 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar var samtals 4 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 1 klukkustund á kr. 13.200. Umhverfisstofnun mun því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals 52.600 kr. fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri



Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur